

Haraldur Ólafsson¹ og Ólafur Rögnvaldsson²

- 1) Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði
- 2) Háskólanum í Björgvin, Háskóla Íslands og Reiknistofu í veðurfræði

M-fallið: samhengi vindhraða og úrkomustiguls í fjöllum

Athugun á úrkomu á Reykjanesi leiðir í ljós að úrkomustigull í fjöllum er háður vindhraða og líkist fallið bókstafnum M. Úrkomustigullinn eykst með auknum vindhraða þegar vindstyrkur verður nægur til að lyfta loftmassanum yfir fjallgarðinn, en minnkar með auknum vindhraða þegar svo hittir á að skilatiðni eykst samtímis auknum vindhraða og eins þegar vindhraði er svo mikill að droparnir fjúka yfir fjöllin og gufa upp áður en þeir ná til jarðar. Með M-fallinu má út frá úrkomu á láglendi áætla úrkomu í Bláfjöllum áratugi aftur í tímann og í ljós kemur að útgildi í áætlaðri úrkomu falla vel við útgildi í mældri stöðu grunnvatns.